

## 23. gr.

*Samningar við tryggingarfélag um líf- eða heilsutryggingar.*

Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við tryggingarfélag um líf- eða heilsutryggingar fyrir einstaka hópa sjóðfélaga, enda komi til sérstakt iðgjald vegna tryggingarinnar og greiðslu kostnaðar, sem til kann að falla vegna hennar, þannig að slík þjónusta greiðist ekki af 10% skylduiðgjaldi sjóðfélaga.

## 24. gr.

*Breytingar á reglugerðinni.*

- 24.1. Tillögur um breytingar á reglugerð þessari verða að hafa borist stjórn sjóðsins a.m.k. fjórum vikum fyrir ársfund (aukaársfund) skv. 5. gr. Hafi tillögur til breytinga á reglugerð sjóðsins áhrif til aukningar eða skerðingar á réttindum sjóðfélaga skal fylgja þeim tryggingarfræðileg úttekt á áhrifum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Tillögur til breytinga á reglugerð skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins viku fyrir ársfund.
- 24.2. Reglugerðarbreytingar taka aðeins gildi ef þær hljóta samþykki a.m.k. 2/3 hluta fundarmanna og hafa hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytis.

## 25. gr.

*Gildistaka.*

- 25.1. Reglugerð þessi tekur gildi 30. júní 1998.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 30. júní 1998.*

F. h. r.

**Áslaug Guðjónsdóttir.**

---

*Margrét Gunnlaugsdóttir.*

**AUGLÝSING****um breytt deiliskipulag á Egilsstöðum.**

Á fundi bæjarstjórnar Austur-Héraðs 6. október 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi á Egilsstöðum við Fagradalsbraut 21-27. Í breytingunni felst að þrem lóðum, nr. 21, 23 og 25 er breytt í tvær lóðir; önnur nr. 21-23 og hin nr. 25-27, ásamt því að tenging við Kelduskóga breytist. Lóðamörk breytast jafnframt.

Tillagan var auglýst skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 29. maí til 29. júní 1998, yfirfarin af Skipulagsstofnun og staðfest skv. 3. mgr. 25. gr. sömu laga.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Egilsstöðum, 7. október 1998.*

**Guðmundur Pálsson** bæjartækniþæningur.